

23 SEP 2019

Bréfalykill: 19.3

Mosfellsbær
Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 18. september 2019
Tilvísun: 201909033 / 3.4

Efni: Lýsing fyrir tillögu að gerð deiliskipulags verslunar-, þjónustu- og athafnasvæðis í Blikastaðalandi, Mosfellsbær

Mosfellsbær hefur, með erindi dags. 12. september 2019, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í skipulagsnefnd 30. ágúst 2010 og varðar gerð deiliskipulags verslunar-, þjónustu- og athafnasvæðis í Blikastaðalandi.

Samkvæmt lýsingunni, dagsett er 15. ágúst 2019, er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag um 17,4 ha svæðis sem skilgreint er sem 126-VA í aðalskipulagi Mosfellsbæjar. Svæðið liggur að bæjarmörkum Reykjavíkurborgar. Fyrirhugað er að á svæðinu verði blanda af verslun, þjónustu og léttum iðnaði í byggingum af ólíkum stærðum. Í gegnum mitt svæðið verður gert ráð fyrir svæði fyrir tengiveg og Borgarlínu. Gert er ráð fyrir að uppbygging verði áfangaskipt og að unnið verði með umhverfisvænar lausnir við skipulag. Svæðið liggur að Úlfarsá sem flokkuð er sem aðrar náttúruminjar í náttúruminjaskrá og er einnig skilgreint sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi Mosfellsbæjar.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og bendir á að auk þeirra umsagnaraðila sem nefndir eru í lýsingunni skal hafa samráð við Reykjavíkurborg vegna nálægðar svæðisins við bæjarmörk og Fiskistofu vegna nálægðar við Úlfarsá.

Auk þess minnir Skipulagsstofnun á að skoða þarf hvort skipulagsmörk eða áform deiliskipulagsins skarist á við deiliskipulag Korpúlfsstaðarvegar.


Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir